

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa 18 - 92. fundur
haldinn að Laugarvatni, 19. desember 2018
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Davíð Sigurðsson aðstoðarmaður byggingarfulltrúa, Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi, Stefán Short embættismaður, Lilja Ómarsdóttir embættismaður og Halldór Ásgeirsson áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Davíð Sigurðsson, aðstoðarmaður byggingarfulltrúa

Dagskrá:

Hrunamannahreppur - Almenn mál

1. Birkibbyggð 8 (L224618): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og gestahús - 1808039

Lögð er fram umsókn JR smíði ehf. dags. 08.08.2018 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 135,1 m² og gestahús 30,5 m² á sumarhúsalóðinni Birkibbyggð 8 (L224618) í Hrunamannahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

2. Sóleyjarbakki (L166830); Umsókn um byggingarleyfi; Skemma - 1811036

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Kristinssonar dags. 15.nóvember 2018 móttækin sama dag um byggingarleyfi fyrir skemma 200 m² á jörðinni Sóleyjarbakki (L166830) í Hrunamannahreppi.

Samþykkt. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál

3. Farbraut 3 (169416); Tilkynningarskyld framkvæmd; Sumarhús stækkun og saunahús - 1812027

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 05.12.2018 móttækin sama dag frá löggildum hönnuði Ólafi Tage Bjarnasyni til að byggja við sumarhús 8,6 m² og byggja saunahús 22,6 m² á sumarhúsalóðinni Farbraut 3 (L169416) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð sumarhúss verður 59,3 m²

Tilkynningarskyld framkvæmd skv. gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

4. Kjarrbraut 9 (L190734); Umsókn um takmarkað byggingarleyfi; Graftarleyfi - 1812030

Fyrir liggur umsókn Þorvarðar G. Hjaltasonar og Guðrúnar Einarsdóttur dags. 11.12.2018 móttækin sama dag um takmarkað byggingarleyfi, leyfi til að jarðvegsskipta undir fyrirhuguðu sumarhúsi auk leggja vegslóða á lóðinni Kjarrbraut 9 (L190734) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingarfulltrúi samþykkir að veita takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir hús. Kalla skal eftir botnúttekt vegna jarðvegsskipta.

5. Klausturhólar C-gata 20 (L176843); Stöðuleyfi; Vinnuskúr - verkfærageymsla - 1812033

Lögð er fram umsókn Fagraþings ehf. dags. 29.11.2018 móttækin 10.12.2018 um stöðuleyfi fyrir vinnuskúr/verkfærageymslu á sumarhúsalóðinni Klausturhólar C-Gata 20 (176843) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1.12.2019

6. Klausturhólar C-gata 18 (201840); Stöðuleyfi; Vinnuskúr-verkfærageymsla - 1811029

Erindi er sett að nýju fyrir afgreiðslufund af beiðni eiganda/umráðanda lóðar, Fagraþing ehf. Óskað er eftir að stöðuleyfi fyrir vinnuskúr/verkfærageymslu á lóðinni Klausturhólar C-gata 18 (L201840) í Grímsnes- og Grafningshreppi verði fellt úr gildi sem fékk samþykkt stöðuleyfi á afgreiðslufundi þann 21.11.2018.

Samþykkt.

7. Bústjórabyggð 8 (L221731) Umsókn um byggingarleyfi Sumarhús - 1708047

Fyrir liggur ný umsókn frá e-gull dags. 03.12.2018 móttækin 04.12.2018 með uppfærðum aðaltekningum um byggingarleyfi til að flytja sumarhús 54,3 m² á lóðina Bústjórabyggð 8 (L221731) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Málinu er frestað. Óskað er eftir gæðavottun byggingarhluta ásamt álagsforsendum og útreikningum á hliðarfærslum fyrir vegg, þak og gólf.

8. Minni-Borg 2 (L226996); Umsókn um byggingarleyfi; Viðbygging og breytt notkun mhl 01 - 1811064

Fyrir liggur umsókn Þrastar Sigurjónssonar og Hildar Magnúsdóttur dags. 22.10.18 mótt. 28.11.18 um byggingarleyfi til að breyta íbúðarhúsnæði í gistihúsnæði og að byggja við húsið 33,5 m² á Minni-Borg 2 (L226996) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Bláskógabyggð - Almenn mál

9. Tunguholt 1 (L227467); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1812029

Fyrir liggur umsókn Þóru Bjarkar Kristjánsdóttur dags. 12.12.2018 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 130,6 m² á sumarhúsalóðinni Tunguholt 1 (227467) í Bláskógabyggð.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

10. Efri-Reykir lóð (L180194); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús með geymslu - 1810035

Lögð er fram ný umsókn Ingunnar H. Þóroddsdóttur dags. 12.10.2018 móttokin 29. nóvember 2018 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús með risi og áfastri geymslu 142,6 m² á sumarhúsalóðinni Efri-Reykir lóð (L180194) í Bláskógabyggð.

Umsókn um byggingarleyfi er hafnað þar sem vafi er um eignarrétt og umráð umsækjanda að viðkomandi lóð.

11. Haukadalur 4 (167101); Umsókn um byggingarleyfi; viðbygging við Hótel. - 1501045

Fyrir liggja breyttar aðaltekningar dags. 28.11.2018 móttekið 29.11.2018 með breytingu frá fyrri samþykkt dags. 16.04.2015. Sótt er um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu á hótel Geysir á jörðinni Haukadalur 4 (L167101) í Bláskógabyggð. Heildarstærð eftir stækkun er 9.422,6 m²

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

12. Stóranefsgata 5 (L191270); Tilkynningarskyld framkvæmd; Sumarhús - viðbygging - 1812037

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 17.12.2018 móttokin sama dag frá löggildum hönnuði Ellerti Hreinssyni til að byggja við sumarhús 26,5 m² á sumarhúsalóðinni Stóranefsgata 5 (L191270) í Bláskógabyggð. Heildastærð eftir stækkun á sumarhúsi verður 98 m². Þinglýstir eigendur skv. Þjóðskrá Ísland eru Guðfinna Nanna Gunnarsdóttir og Jóhann Ingi Gunnarsson.

Tilkynningarskyld framkvæmd skv. gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

Flóahreppur - Almenn mál

13. Þingborg (L166286); Umsókn um byggingarleyfi; Bílskúr mhl 02 - viðbygging, geymsla - 1811066

Fyrir liggur umsókn Flóahrepps dags. 29.11.2018 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að byggja geymslu við bílskúr mhl 02 skv. Þjóðskrá Íslands á lóðinni Þingborg (L166286) í Flóahreppi (Krakkaborg).

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

14. Langholt 2 (L166249); Umsókn um byggingarleyfi; Bílskúr - breyting - 1812040

Fyrir liggur umsókn Ragnars Vals Björgvinssonar dags. 18.12.2018 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að breyta bílskúr mhl 16 í gistaðstöðu á jörðinni Langholt 2 (L166249) í Flóahreppi

Vísað til skipulagsnefndar.

Ásahreppur - Umsagnir og vísanir

15. Miðás (L211096); Umsögn um rekstrarleyfi; Gisting - 1811048

Mótttekinn var tölvupóstur 19.11.2018 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, minna gistiheimili (C) frá Ástu B. Ólafsdóttur á jörðinni Miðás (L211096), fasteignanúmer F231033, matseining 010103 gistiheimili í Ásahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II flokkur C Minna gistiheimili. Gestafjöldi allt að 10 manns.

16. Kálfholt (L2198029); Umsögn um rekstrarleyfi, gisting - 1812026

Mótttekinn var tölvupóstur 10.12.2018 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, gistaður án veitinga, íbúðir (F) frá Ísleyfi Jónssyni á jörðinni Kálfholt (L165294), Ásahreppi, mhl 040101 (véla/verkfæra geymsla) skv. Þjóðskrá Íslands.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II flokkur F. Gestafjöldi allt að 6 manns.

Hrunamannahreppur - Umsagnir og vísanir

17. Syðra-Langholt (L207348); Umsögn um rekstrarleyfi, gisting - 1810044

Mótttekinn var tölvupóstur þann 22.10.2018 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar í fl. II, stærra gistiheimili (B) frá Riding Tours South Iceland ehf. kt. 430616-1450, fasteignanúmer F2203704 að Syðra-Langholti (L207348) í Hrunamannahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II flokkur B í fasteign F2203704. Gestafjöldi allt að 23 manns.

18. Syðra-Langholt 3 lóð (L198343); Umsögn um rekstrarleyfi, frístundahús - 1811017

Mótttekinn var tölvupóstur þann 27.08.2018 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar án veitingar í fl. II, frístundahús (G) frá Riding Tours South Iceland ehf. kt. 430616-1450, fasteignanúmer F2224481 að Syðra-Langholti 3 lóð (L198343) í Hrunamannahreppi.

Lagst er gegn útgáfu rekstrarleyfis í frístundarhúsum að Syðra-Langholti 3 lóð (L198343).

Grímsnes- og Grafningshr. - Umsagnir og vísanir

19. Þrastalundur lóð 1 (L201043); Umsögn um rekstrarleyfi, veitingar - 1812032

Mótttekinn var tölvupóstur þann 11.12.2018 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um nýtt rekstrarleyfi í fl. II, veitingahús (A) frá Celio veitingum í Þrastalundi lóð 1 (F2274872) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemd við að veitt sé rekstrarleyfi í fl. II. Veitingahús fyrir allt að 120 manns.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30

Davíð Sigurðsson

Rúnar Guðmundsson

Stefán Short

Lilja Ómarsdóttir

Halldór Ásgeirsson